

141

3. gr.

16. okt. Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram í löggildingarstofunni eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, reiknast auk ferðakostnaðar kaupgjald fyrir starfsmenn löggildingarstofunnar 5 kr. um klukkustund eða brot úr klukkustund, þó ekki meira en 40 kr. á dag, að viðbætti lögmælti verðlagsuppbót.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. marz 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 186 6. nóv. 1942, um sama efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

142

REGLUGERÐ

19. okt.

um breyting á reglugerð nr. 57 17. apríl 1944, um breyting á reglugerð nr. 133 28. desember 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Leyfa skal fyrst um sinn, þar til er öðru vísi verður ákveðið, 3 af hundraði af fasteignamati steinhúsa og 6 af hundraði af fasteignamati timburhúsa sem hámarks-afskrift til frádráttar skattskyldum tekjum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi, en kemur fyrst til framkvæmda við ákvörðun tekjuskatts árið 1945.

Fjármálaráðuneytið, 19. október 1944.

Björn Ólafsson.

Magnús Gíslason.

143

GJALDSKRÁ

14. nóv.

fyrir dómtúlkun og skjalapýðingar.

1. gr.

Grunngjöld fyrir störf dómtúlka og skjalapýðenda skulu vera sem hér segir: Fyrir staka blaðsíðu heila kr. 19.40.

Fyrir hverja síðu í stærri þýðingu kr. 15.60.

Sé um tekniskt mál að ræða, hækkar grunn gjald þetta um 50%.

Fyrir minnstu þýðingu kr. 10.00.

Skýlt er skjalapýðanda að láta frumriti fylgja tvö samrit endurgjaldslaust. Séu látin af hendi fleiri samrit, skal fyrir hverja blaðsíðu samrits greiða kr. 2.50.

Við grunn gjöld öll hæfist 30% uppbót og síðan verðstuðulsuppbót effir vísi-tölu eins og hún er á hverjum tíma.